

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/837*  
*komudagur 13.1.2014*

Akranesi, 13. janúar 2014

1401078 HG

Akranesi 13. janúar 2014.

**Efni: Umsögn um frv. um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs, 215. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 9. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi um frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs, 215. mál. Þjónusturáð Vesturlands er hluti af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og því er þessi umsögn send.

**Áhersla: málefni fatlaðra**

Þjónusturáð Vesturlands vill vekja sérstaka athygli umhverfisnefndar Alþingis á því að Endurvinnslan hf. hefur allvíða gert samninga við verndaða vinnustaði fyrir fatlaða um að veita fötluðu fólki atvinnu við móttöku og flokkun skilaskyldra drykkjarvöruumbúða. Tveir slíkir vinnustaðir eru á Vesturlandi og skipta verulegu máli fyrir starfsemi þeirra. Verkefni sem skapast við móttöku einnota umbúða eru ákjósanleg og þóknunin fyrir móttökuna skiptir verulegu máli í rekstri vinnustaðanna.

*Þessi starfsemi er sett í gríðarlegt uppnám ef frumvarpið verður að lögum enda er engin trygging fyrir því að nýju skilakerfin muni viðhalda slíkum samningum.*

Virðingarfyllst

---

Helga Gunnarsdóttir, formaður Þjónusturáðs Vesturlands